

Svar

félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um stefnu í málefnum innflytjenda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er ástæða þess að ráðherra hvarf frá því að leggja fram tillögu til þingsályktunar um stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks þegar þingmálaskrá 154. löggjafarþings var endurskoðuð?

Í nóvember síðastliðnum var birt fyrsta grænbókin sem unnin hefur verið hérlendis í málefnum innflytjenda og flóttafólks en grænbókin hefur verið birt á íslensku, ensku og pólsku. Í grænbókinni er mat lagt á stöðuna í málefnum innflytjenda og flóttafólks hér á landi auk þess sem áskoranir og tækifæri eru greind til framtíðar. Í framhaldinu er gert ráð fyrir að unnin verði hvítbók sem feli í sér fyrstu drög að stefnu Íslands í málefnum innflytjenda og flóttafólks, en stefnt er að því að hvítbókin verði birt í samráðsgátt stjórnvalda í lok maí næstkomandi og að í kjölfarið verði unnin umrædd tillaga til þingsályktunar.

Vinna við gerð tillögu að heildstæðri stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks stendur því enn yfir í viðtæku samráði við hagaðila og almenning um land allt en í því sambandi má nefna að um þessar mundir standa yfir opnir samráðsfundir víðs vegar um land. Þykir því ljóst að ekki næst að leggja fram tillögu til þingsályktunar um stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks á yfirstandandi löggjafarþingi. Stefnt er að því að leggja fram á Alþingi fyrirnefnda tillögu til þingsályktunar á haustþingi 2024 eftir að yfirstandandi vinnu lýkur við gerð tillögu að stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks.